

Fundargerð

Fundur í ÍTN 02.10.2008.

Mætt. Linda E. Pehrsson, Ragnar Már Sigfússon, Hulda Sigurðardóttir og Heiðrún Óladóttir

Dagskrá.

1. Mál. Umsóknir um stöðu íþróttá- og tómstundafulltrúa.

Fyrir liggja 3 umsóknir. Umsókn Ránars Jónssonar var hafnað á þeim forsendum í hve stuttan tíma hann hyggst starfa. Ákveðið að skoða hinar tvær umsóknirnar betur og óskað eftir að rætt verði við umsagnaraðila Hafrúnar. Nefndin felur formanni og sveitarstjóra að vinna málið áfram. M.a. verður óskað eftir sakavottorði frá umsækjendum. Mælt er með að sá sem verður ráðinn verði ráðinn til 2ja ára með endurskoðunarákvæði eftir 1 ár.

2. Mál. Dansnámskeið í október. Anna Breiðfjörð.

Anna er að skoða hvaða helgi hentar. Anna áætlar að vera líka með tíma fyrir þá krakka sem áhuga hafa.

3. Mál. Stulli 2008.

Þar sem enginn íþróttá- og tómstundafulltrúi er starfandi hefur skólinn tekið að sér að halda utan um málið. Lífsleiknikennari á unglingastigi er tilbúinn að starfa í málinu og kanna áhuga hjá nemendum í 8 – 10 bekk. Umsóknarfrestur á stuttmyndanámskeiðið er til 9. okt. og leggjum við mikla áherslu á að krakkarnir héðan taki þátt.

4. Mál. Önnur mál.

Gufubaðið í Verinu hefur verið óvirkt nú um langt skeið. Umboðsaðilar þurfa að pantar varahluti að utan og hefur það tekið óhemjulangan tíma. ÍTN lýsir óánægju sinni með þennan gang mála. Einnig þyrfti nauðsynlega að laga hitastigið á sturtunum. Þær eru oft allt of heitar.

Fleira ekki gert.

Heiðrún Óladóttir, ritari.